

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

Reykjavík, 3. júlí 2025
UOS2501403/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. júní 2025 – First Water, Öxnalæk, ID 65.

Þann 11. júní s.l. fór fram reglubundið eftirlit í First Water, Öxnalæk (áður Landeldi hf.). Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Framleiðsla fyrir árið 2023 var yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis. Í úrbótaáætlun frá 3. september 2024 var stefnt á að ljúka beiðni um breytingu á starfsleyfinu fyrir 29. nóvember 2024, því hefur ekki verið lokið.
2. Ammóníak í fráveituvatni var yfir leyfilegum mörkum starfsleyfis.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Hámarkssýnataka á að vera framkvæmd þegar mesti lífmassi er í stöðinni. Lágmarkssýnataka á að vera framkvæmd þegar lægsti lífmassi er í stöðinni.
2. Rekstraraðila var bent á að huga að hreinsun á tromlusíu svo hún virki sem hreinsivirki.

Átta frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonn af laxa- eða bleikjuseiðum til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Framleiðslan fyrir árið 2024 var 145 tonn.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Fosfórlosun var yfir mörkum starfsleyfis.
3. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Í eftirlitinu 11. júní 2025 þá var uppsafnað fóður í viðtakanum.
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað inn 1. júlí 2025 og telst því frávikinu lokað.

5. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1 maí ár hvert. Grænu bókhaldi eða umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað inn til eftirlitsaðila 14. maí 2025 og telst því frávikin lokað.
6. Gr. 2.6 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingar fyrir árið 2024 voru með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil á umhverfisupplýsingum bárust 1. júlí 2025 og telst því frávikin lokað.
7. Gr. 2.7 í starfsleyfi. Styrkur í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 17. desember 2024.
8. Gr. 2.12 í starfsleyfi og 41. gr í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Skv. 41. gr í reglugerðinni þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu. Eftirlitsaðla barst mynd af árekstarvörn fyrir framan olíugeyminn 1. júlí 2025, og telst því frávikin lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. júlí 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

Teymi eftirlits